

Reglur um launuð námsleyfi starfsmanna Strandabyggðar

Samþykktar í sveitarstjórn Strandabyggðar 24. nóvember 2015

1. Hvatning til starfsfólks

Það er mikilvægt fyrir starfsemi sveitarfélagsins Strandabyggðar að stuðla að hagnýtri og fræðilegri þekkingu starfsmanna í samræmi við kröfur tímans. Möguleiki starfsmanna á að afla sér viðbótarþekkingar fer eftir heimildarákvæðum hlutaðeigandi kjarasamninga um námsleyfi starfsmanna.

2. Möguleikar á að sækja um launað námsleyfi

Starfsmaður sem uppfyllir ákvæði um heimild til að fá launað námsleyfi til að stunda fjar- eða staðnám skv. Þeim kjarasamningi sem hann þiggur laun eftir skal eiga kost á að sækja um leyfi. Samráð skal hafa við yfirmann stofnunar.

3. Lengd námsleyfis

Hámarks lengd leyfis ákvarðast af rétti starfsmanns skv. kjarasamningi viðkomandi en getur þó aldrei orðið meira en eitt ár. Starfsmenn geta einnig sótt leyfi til skemmri tíma. Heimilt er að skipta leyfinu á tvö skólaár. Dreifa má leyfi á lengri tíma, eða allt að fimm ár með möguleika á lengingu ef námið krefst þess, t.d. ef lagt er stund á fjarnám eða nám með vinnu.

4. Umsóknarferli

Sækja þarf skriflega um námsleyfi til sveitarstjórnar og skulu yfirmenn stofnanna veita skriflegar umsagnir um umsóknir. Í umsókn skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám, námstíma og starfsferil umsækjanda. Fjöldi samþykktara námsleyfa ræðst af fjölda umsókna og fjárhagsáætlun Strandabyggðar ár hvert.

5. Mat á umsóknum

Við mat á umsókn skulu eftirfarandi atriði höfð til hliðsjónar:

- Mikilvægi námsins fyrir starf sviðsins/stofnunarinnar/sveitarfélagsins.
- Starfsaldur umsækjanda.
- Aðgengi starfsmanns að launuðu námsleyfi annars staðar, svo sem hjá stéttarfélagi.
- Fyrri umsóknir viðkomandi starfsmanns um námsleyfi.

6. Greiðslur


Starfsmaður sem fær launað námsleyfi fær greidd föst mánaðarlaun í þeim launaflokki er hann tekur laun eftir, en annar kostnaður svo sem ferða- og námskostnaður er ekki greiddur. Laun í námsleyfi miðast við föst laun og meðaltal starfshlutfalls þann tíma sem rétturinn vannst á, hafi stafsmaður eigi verið í fullu starfi annan tímenn.

7. Skil

Að námi loknu skili styrkþegar prófskírteini, vottorði um námslok og/eða skriflega greinargerð um hvernig námsleyfinu var varið. Þessi gögn berist eigi síðar en 3 mánuðum eftir að launagreiðslum í námleyfi lýkur.

8. Starfa hjá Strandabyggð

Samhliða samþykkt umsóknar um launað námsleyfi skal gerður skriflegur samningur við starfsmann um að hann komi aftur til starfa hjá Strandabyggð að námi loknu og skal í því efni



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

miðað við 6 mánaða – 1 árs starfstíma að loknu námsleyfi.

9. **Fræðsla og þjálfunarnámskeið**

Þeir starfsmenn, sem sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið samkvæmt beiðni stofnunar sinnar, skulu halda reglubundnum launum á meðan.